

## Reikningar

Reikningar gilda sem ábyrgðarskírteini fyrir upprunalegan kaupanda og þarf að framvísa þeim, samriti eða ljósriti af frumritinu, ef óskað er eftir þjónustu sem fellur undir ábyrgð skv. kaupalögum. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að kynna sér sem best notkun búnaðarins í handbókum framleiðenda eða fara að þeim fyrirmælum, sem starfsmenn fyrirtækisins gefa um notkun búnaðarins. Séu einhver atriði óljós eftir yfirlestur handbóka framleiðanda skal beina fyrirspurnum til Orkubaendur.com eða í síma 8881185

## Afhending og áhættuskipti.

Afhending vöru fer fram á athafnasvæði seljanda að Tranavogi 3, Reykjavík á umsömdum afhendingartíma nema um annað sé sérstaklega samið. Kaupandi ber fulla ábyrgð á vöru frá því tímamarki sem hún telst afhent til hans eða flutningsaðila ef um sendingu er að ræða, nema um annað sé sérstaklega samið. Sæki kaupandi vöru ekki á tilsettum tíma og það má rekja til kaupanda eða atvika sem hann ber ábyrgð á, flyst áhættan yfir á kaupanda þegar hlutur er honum til reiðu á umsömdum afhendingarstað. Ef samið hefur verið um annan afhendingarstað en hjá seljanda flyst áhættan yfir til kaupanda þegar varan er afhent á umsömdum tíma og stað og kaupanda er kunnugt um að varan er tilbúin til afhendingar. Þegar áhætta af hinni seldu vöru hefur flust yfir til kaupanda helst skylda hans til þess að greiða kaupverðið þótt varan kunni eftir það að farast, skemmast eða rýrna ef um er að ræða atvik sem ekki má rekja með beinum hætti til seljanda. Ef kaupandi sækir ekki vöru á athafnasvæði seljanda innan fimm daga frá því að kaupanda var tilkynnt um að varan væri tilbúin til afhendingar, áskilur seljandi sér rétt til þess að krefja kaupanda um geymslugjald

## Vöruskil

Vöru fæst aðeins skilað, sé hún: 1. sannanlega gölluð, 2. upprunalegar umbúðir óskemmdar hafi þær fylgt með, 3. allar handbækur, fylgihlutir og fylgigögn í upprunalegu ástandi, 4. í upprunalegu ásigkomulagi án sjáanlegra skemmda, 5. innan 30 daga liðnir frá sölu hennar. Skilyrt er að frumriti reiknings sé skilað með vörunni. Sérpantaðri vöru fæst ekki skilað.

## Ábyrgðir

Ábyrgð á keyptum búnaði gildir í tvö ár frá útgáfudegi reiknings þessa sé viðskiptavinur einstaklingur, og í samræmi við lög um neytendakaup nr. 48/2003 en í eitt ár sé viðskiptavinur fyrirtæki eða stofnun. Ábyrgðin miðast við að búnaðurinn berist á verkstæði Fjarlesturs Ehf til viðgerðar. Gegn sérstöku gjaldi getur Fjarlestur Ehf sótt búnaðinn innan höfðuborgarsvæðis. Sé það nauðsynlegt eða þess óskað að viðgerð fari fram á notkunarstað búnaðar, er Fjarlestri Ehf heimilt að taka sérstakt gjald fyrir ferðatíma, ferðakostnað og upphald, skv. gildandi töxtum Fjarlesturs Ehf. Ábyrgð á rekstrarvörum gildir í 3 mánuði. Til rekstrarvara teljast m.a. rafhlöður, perur, spennugjafar, eða hlutir, sem ganga úr sér við álagsnotkun búnaðar, svo sem gúmmí og reimar.

Stefnt er að því að búnaður er berst á verkstæði Fjarlesturs Ehf sé viðgerður svo fljótt sem auðið er. Ef panta þarf varahlut eða hluti frá framleiðanda skal seljandi hlutast til um að slík afgreiðsla fái flýtimeðferð, en ber að öðru leyti ekki ábyrgð á tjóni, sem slík töf kann að valda kaupanda.

Fjarlestur Ehf UNDANSKILUR SIG ALLLRI ÁBYRGÐ AF AFLEIDDU TJÓNI SEM KANN AÐ LEIÐA AF BILUN BÚNAÐAR

Ábyrgðin nær til framleiðslu- og efnisgalla sem fram kunna að koma á vörunni á ábyrgðartímanum og mun Fjarlestur Ehf taka á sig kostnað við að lagfæra eða skipta um hluti í tækjum sem falla undir ábyrgðarskilmálana.

Ábyrgðin nær ekki til eigi bilun, skemmdir og eftir atvikum eyðilegging á vöru rætur að rekja til rangrar og/eða slæmrar meðferðar kaupanda, eða aðila, sem hann ber ábyrgð á, ber kaupandi sjálfur ábyrgð á viðgerðarkostnaði. Hreinsanir, stillingar, breytingar og þess háttar aðgerðir á vörunni falla ekki undir ábyrgð seljanda.

### **Persónuupplýsingar**

Fullum trúnaði er heitið vegna persónuupplýsinga. Fjarlestur Ehf mun ekki í neinum tilvikum veita þriðja aðila persónuupplýsingar viðskiptavina sinna.

### **Fyrirvari**

Allar upplýsingar og verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur og myndbrensl. Fjarlestur Ehf áskilur sér rétt til þess að hætta við pöntun komi í ljós að varan hafi verið vitlaust verðmerkt eða uppseld. Í þeim tilfellum fær viðskiptavinur endurgreitt.

Ákvæði og skilmála þessa ber að túlka í samræmi við íslensk lög. Komi upp ágreiningur eða telji einhver að hann eigi kröfu á hendur Fjarlestri Ehf á grundvelli þessara ákvæða og skilmála, verður slíkum ágreiningi eða kröfu vísað til meðferðar hjá íslenskum dómstólum.

### **Annað**

Þar sem skilmálum þessum sleppir gilda lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000, eða eftir atvikum lög um þjónustukaup, nr. 42/2000.